

Þriðjudaginn 25. marz 1958.

Nr. 22/1958. **Olúfélagið Skeljungur h/f**

(Gunnar Þorsteinsson hrl.)

gegn

oddvita Breiðavíkurhrepps f. h. hreppsins

(Sigurður Ólason hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Lögtaksmál. Frávisun frá Hæstarétti.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 14. febrúar þ. á. Krefst hann þess **aðallega**, að hin áfrýjaða lögtaksgerð verði ómerkt, en **til vara**, að synjað verði um framkvæmd lögtaks. Þá krefst hann og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi stefnda.

Stefndi krefst þess **aðallega**, að málinu verði vísað frá Hæstarétti, en **til vara**, að hin áfrýjaða lögtaksgerð verði staðfest. Hann krefst og málskostnaðar fyrir Hæstarétt úr hendi áfrýjanda.

Fyrir Hæstarétti hefur málið einungis verið flutt, að því er varðar frávisunar- og ómerkingarkröfur aðilja.

Almennur lögtaksúrskurður vegna útsvara í Breiðavíkurhreppi á þeim tíma, er hér skiptir máli, var upp kveðinn og hann auglýstur, svo sem mælt er fyrir í 3. gr. og 4. gr. laga nr. 29/1885.

Hins vegar hefur málið ekki sætt þeirri meðferð fyrir fógætadómi Snæfellsness- og Hnappadalssýslu, sem lögskýlt var, eins og atvikum var háttað. Leitt er í ljós, að fógeta barst endurrit lögtaksgerðar hreppstjóra með bréfi 18. janúar þ. á. Ekki gaf fógeti þó aðiljum kost á að láta uppi álit sitt um framkomin mótmæli af hendi áfrýjanda, þau er hreppstjóri getur um í bókun lögtaksgerðar, og ekki lagði fógeti úrskurð sinn á mótmælin, eins og fyrir er mælt í 9. gr. laga nr. 29/1885. Áfrýjandi hélt og ekki mótmælum sínum fram við fógeta né krafðist úrskurðar hans um þau,

Þar sem málið hefur þannig á þessu stigi ekki hlotið rétta

meðferð í héraði, ber að vísa því frá Hæstarétti. Þá ber og að dæma áfrýjanda til að greiða málskostnað fyrir Hæstarétti, er ákveðst kr. 1500.00.

Dómsorð:

Máli þessu vísast frá Hæstarétti.

Áfrýjandi, Oliufélagið Skeljungur h/f, greiði stefnda, oddvita Breiðavíkurhrepps f. h. hreppsins, kr. 1500.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði hæstréttardómaranna Árna Tryggvasonar og Jóns Ásbjörnssonar.

Samþykkir atkvæðinu að öðru leyti en því, að við teljum rétt eftir atvikum, að hvor aðilja beri sjálfur kostnað sinn af málinu fyrir Hæstarétti.

Lögtaksgerð 11. janúar 1958.

Hinn 11. janúar 1958 var hreppstjóri Breiðavíkurhrepps ásamt Hálfdáni Hannibalssyni, bónda á Hnausum, staddur að Litla-Kambi í sama hreppi, til þess eftir kröfu oddvita Breiðuvíkurhrepps að gera lögtak í eignum hlutafélagsins Skeljungs í Reykjavík. Gerðarþola hafði verið tilkynnt lögtakið í símtali, en það hafði ekki skipað neinn fulltrúa fyrir sig. Krafan er gerð vegna ógoldins útsvars til Breiðavíkurhrepps, að upphæð kr. 400.00. Í símskeyti til hreppstjóra hefur Skeljungur mótmælt því, að hann væri útsvarsskyldur í Breiðuvíkurhreppi.

Lagt var löghald (þannig) á benzíndælu á Litla-Kambi með neðanjarðargeymi, að innihaldi (benzín) undanskildu. Afgreiðslumaður hefur heimild til að afgreiða það benzín, sem er á geyminum á lögtaksdegi, en þegar geymirinn er tæmdur, er notkun hans háð samkomulagi við gerðarbeiðanda.

Var því næst lögtaksgerð lokið.

Dagsetning, sem að framan greinir:

Haraldur Jónsson hreppstjóri.

Vottur: Hálfdán Hannibalsson.